


LOSUN FJÁRMAGNSHAFTA

Áætlun stjórnvalda um losun fjármagnshafta, mat á undanþágubeiðnum
slitabúa og greining á áhrifum þeirra.



Heildstæð áætlun um losun: Þann 8. júní 2015 var kynnt þríþætt leið við losun fjármagnshafta sem byggist á heildstæðri áætlun til að bregðast við vanda sem ógnar stöðugleika

Ríkir almannahagsmunir liggja að baki heildstæðri áætlun stjórnvalda

- 01
- 02
- 03

- Stöðugleikaskilyrði eða skattur á slitabú fallinna innlásstofnana
- Endurfjárfesting í markaðsskuldabréfum til langs tíma og gjaldeyrisuppboð
- Auknar heimildir innlendra aðila til erlends sparnaðar og fjárfestingar

Losun fjármagnshafta mun fara fram án beinna áhrifa á gengi íslensku krónunnar og þáttum í áætluninni hefur þegar verið hrundið af stað.

Losun hafta er brýnt úrlausnarefni með vísan til skyldu stjórnvalda til að gæta hagsmuna íslensks samfélags.

Öll meginatriði áætlunar stjórnvalda um losun fjármagnshafta eru nú staðfest.



Stöðugleikaskilyrði og aðrar ráðstafanir vegna losunar fjármagnshafta nema

856

milljörðum króna



Stöðugleikaskilyrðin leysa vandann á heildstæðan hátt: Þau taka á skilmerkilegan máta á greiðslujafnaðaráhrifum af uppgjöri slitabúanna – heildarumfang þeirra er 856 milljarðar króna

Heildarumfang aðgerðanna

856

milljarðar króna

Greiðslur til stjórnvalda

491

milljarðar króna

Endurgreiðslur á lánavyrirgreiðslum

74

milljarðar króna

Langtímafjármögnun bankakerfisins

226

milljarðar króna

Jákvæð áhrif á gjaldeyrisforða

41

milljarðar króna

Jákvæð áhrif á erlenda stöðu Íslands

360

milljarðar króna



Stöðugleikaskilyrðin leysa vandann á heildstæðan hátt

Stöðugleikaskilyrðin leysa greiðslujafnaðarvandann, opna á aðgang að langtímaþármögnun í gjaldeyri og stjórnvöld fá fyrirgreiðslu endurgreidda.

01

Krónueignir

Stöðugleikaframlag

02

Innlendar gjaldeyriseignir

Langtímaþármögnun fjármálakerfisins

03

Erlendar eignir

Endurgreiðslur og útgreiðslur




01 02 03

Niðurstaðan: Heildarráðstafanir vegna stöðugleikaskilyrða nema 856 milljörðum króna sem leysa vandann að fullu

Mynd: Heildstæðar aðgerðir stjórnvalda taka á öllum liðum vandans sem felast í innlendum eignum slitabúanna

Í MILLJÖRÐUM KRÓNA




01 02 03

Niðurstaðan: Heildarráðstafanir vegna stöðugleikaskilyrða nema 856 milljörðum króna sem leysa vandann að fullu

Mynd: Heildstæðar aðgerðir stjórnvalda taka á öllum liðum vandans sem felast í innlendum eignum slitabúa föllnu fjármálastofnananna

Í MILLJÖRÐUM KRÓNA



Við losun hafta nást fjórþætt markmið um hlutleysi gagnvart gengi krónu, langtímafjármögnun bankakerfisins, styrkingu gjaldeyrisforða og greiðslujafnaðaráhættu eytt vegna lagalegs ágreinings

01

- Skuldaskil slitabúanna munu ekki hafa neikvæð áhrif á gengi íslensku krónunnar

02

- Lengist í erlendri fjármögnun bankakerfisins og greitt fyrir aðgengi þess að alþjóðlegum mörkuðum sem dregur úr endurfjármögnunaráhættu og eykur stöðugleika í gengismálum

03

- Óskuldsettur gjaldeyrisforði Seðlabankans eykst um 41 milljarð króna

04

- Tryggt er að ágreiningur um skattamál feli ekki í sér frekara útflæði fjármagns sem annars gæti numið rúmlega 60 ma.kr.
- Stöðugleikaskilyrði og aðrar ráðstafanir vegna losunar fjármagnshafta nema samtals 856 milljörðum króna sem leysir greiðslujafnaðrvandann.



Heildarráðstafanir gagnvart slitabúum nema 856 en hækka ef virði framseldra eigna hækkar þegar fram í sækir

01

- Stöðugleikaframlag* 491 til 599** milljarðar króna

- Aðrar ráðstafanir 57 milljarðar króna

02

- Langtímafjárfestingar 239 milljarðar króna

03

- Endurgreiðslur 69 milljarðar króna

Samtals ráðstafanir

856 til 964 milljarðar króna


* Skattar fyrir árið 2015, beint framlag til ríkis og í gegnum ESI

** Sömu forsendur og í greinargerð SÍ




FORSAGA OG SAMHENGI

Áætlun um losun hafta hefur fylgt skýru meginstefi um heildstæða lausn vandans



Upprifjun: Ekki er til nægur gjaldeyrir til að losa 1200 milljarða snjóhengju sem er til komin vegna slitabúa og aflandskróna – lausn stjórvalda beinist að þremur þáttum

Mynd: Mat á greiðslujafnaðaráhættu




Vegna hækunar á virði innlendra krónueigna slitabúanna hefur vandinn vegna krónueigna þeirra hækkað úr 500 í 576 ma.kr. en vandinn vegna innlendra gjaldeyriseigna hefur lækkað úr 400 í 239 ma.kr. vegna styrkingar íslensku krónunnar og fyrirhugaðra útgreiðslna til forgangskröfuhafa LBI hf.

Heildarvandinn vegna slitabúanna þriggja nemur 815 ma.kr. en var áður 900 ma. kr.



Stöðugleikaskilyrðin leysa vandann á heildstæðan hátt. Vegna styrkingar krónunnar yrði skattur á slitabúin þrjú nú 50 ma.kr. minni en þegar skatturinn var kynntur í júní

- Stöðugleikaframlag tekur tillit til framtíðarmatsbreytinga á innlendum eignum slitabúa. Þannig er framtíðarvirðisaukning hlutleyst með valfrjálsum ráðstöfunum sem byggja á skýrum ramma stjórvalda. Stöðugleikaframlagið tekur á núverandi og framtíðarvanda vegna slitabúa og er valfrjálst.
- Inn í stöðugleikaskatt er verðögð framtíðaráhætta af virðisaukningu innlendra eigna slitabúa og hann leggst á heildareignir í árslok 2015 (skattstofn). Óvissa ríkir um framtíðarvirði innlendra eigna og eins endanlega fjárhæð skattstofns.
 - Þessa óvissa endurspeglast m.a. í því að mögulegar tekjur af honum hafa þegar lækkað verulega þrátt fyrir að innlendar krónueignir hafi hækkað í virði.



Stjórnvöld hafa kynnt heildstæða lausn við losun fjármagnshafta sem setur almannahagsmuni í forgang og byggist á gagnsæi og viðurkenndri aðferðafræði

- Lausn stjórvalda virðir lög, alþjóðlegar skuldbindingar og tryggir jafnræði.
- Hún stuðlar að því að gengi krónunnar endurspegli raunhagkerfið eftir losun hafta.
- Stjórnvöld velja aðgerðir sem taka skemmri tíma, eru einfaldari og lágmarka lagalega áhættu fram yfir flóknari leiðir og einstakar aðgerðir samrýmast heildarlausninni.
- Ferlið um losun hafta er grundvallað á hagsmunum heimila og fyrirtækja enda er það skilyrði að raunhagkerfið taki ekki út frekari aðlögun en þegar er orðin.



Grunnforsenda hefur verið að gæta meðalhófs, gagnsæis og jafnræðis við losun fjármagnshafta

Að gæta meðalhófs, gagnsæis og jafnræðis við ferlið.



- Að veita hagsmunaaðilum á gagnsæjan máta upplýsingar í ferlinu.
 - Greiða þannig fyrir upplýstu mati þeirra á hagfræðilegri og fjárhagslegri stöðu sinni.
 - Leiða væntingar þeirra í átt að stigvaxandi og skipulegri losun fjármagnshafta.



Lagabreytingar: Tillaga um breytingar á ýmsum lögum vegna losunaráætlunar stjórnvalda liggur nú fyrir Alþingi (1/2)




Stjórnvöld hafa greitt fyrir gerð nauðasamninga slitabúanna með lagabreytingu eins og áætlun stjórnvalda um losun hafta ráðgerði, sbr. m.a. lög nr. 59/2015. Tilgangurinn var að einfalda reglur og skapa réttarvissu.

- Slitabúin hafa unnið að nauðasamningsgerð með það fyrir augum að uppfylla stöðuguleikaskilyrðin með stuðningi yfirgnæfandi meirihluta kröfuhafa. Í frumvarpi að lögum nr. 59/2015 eru nefnd nokkur sérkenni við slit fjármálfayrtækja. Meðal annars er nefnt að fjöldi kröfuhafa sem lýst hefur kröfum við slit er fordæmalaus og hleypur á tugum þúsunda. Mikill munur er á umfangi krafna. Lýstar kröfur hlaupa á nokkur þúsundum milljarða króna.
- Ljóst er að uppi eru álitamál sem ekki hafa komið til kasta íslenskra dómstóla áður. Vegna mikils umfangs og flækjustigs þessara mála og þess frests sem slitabúin hafa haft til að undirbúa nauðasamningana er hætt við verulega aukið álag á dómstóla landsins.

Ákveðið að bregðast við þessari stöðu og tryggja svigrúm dómstóla með bráðabirgða-ákvæði við lög um stöðuguleikaskatt. Þau slitabú sem hafa fengið:

- (i) Fyrir áramót: Samþykktan nauðasamning á kröfuhafafundi.
- (ii) Fyrir áramót: Lagt fram skriflega kröfu um staðfestingu nauðasamnings fyrir héraðsdómara eru undanskilin stöðuguleikaskattinum.
- (iii) Eftir áramót: Endanleg staðfesting dómstóla á nauðasamningnum er fengin fyrir 15. mars 2016 þá falla þau undan skattskyldusviðs.



Lagabreytingar: Tillaga um breytingar á ýmsum lögum vegna losunaráætlunar stjórnvalda liggur nú fyrir Alþingi (2/2)



- Aðrar lagabreytingar eru gerðar til þess að hlutleysa ákvarðanir um skipulag og efni nauðasamninga slitabúanna:

- Breyting á ákvæðum um afdráttarskatt svo útgefin skuldabréf í tengslum við uppgjör slitabúanna verði tæk til uppgjörs hjá alþjóðlegum uppgjörsmiðstöðvum.
- Heimildarákvæði til einföldunar á kröfuhafaskrá og skýringarákvæði um hvenær slitameðferð telst lokið.
- Áréttung um að skylda til að greiða bankaskatt falli niður þegar slitameðferð er lokið með staðfestum nauðasamningi.
- Framlenging bráðabirgðaákvæðis skattalaga um breytingu krafna í hlutafé.
- Lágmarkshlutfall við samþykki frumvarps að nauðasamningi eftir fjárhæðum lækkað, sem helgast af sérstöku eðli greiðsluþrots banka. Þ.e. að ekki er ætlunin að hefja rekstur að nýju heldur vinna úr eignasafni.
- Tryggt að afhending á hlutum í einkahlutafélagi teljist réttar efndir nauðasamnings.



Grundvallarmarkmið: Leiðarljós stjórnvalda við losun fjármagnshafta miðuðu að því að tryggja jafnræði og endanleika við uppgjör slitabúa

- Að leysa greiðslujafnaðarvandamál Íslands þannig að unnt verði að afléttu fjármagnshöftum án ótilhlýðilegrar áhættu á þjóðhags- og fjármálastöðugleika.
- Að innleiða lausnir sem varðveita stöðugleika til skemmri og lengri tíma samræmast sjálfbærni til lengri tíma.
- Að takmarka áhættu í ríkisfjármálum, gjaldeyrisvaraforða og lánshæfismati sem og að forða því að ríkið taki á sig áhættu eða skuldir einkaaðila.
- Að stuðla að aðgengi íslenskra fyrirtækja að alþjóðlegum mörkuðum.
- Að stuðla að því að gengi íslensku krónunnar endurspegli raunhagkerfið en ekki fortíðarvanda einkaaðila.
- Að virtar verði alþjóðlegar skuldbindingar ríkisins og stjórnarskrá lýðveldisins um jafnræði.



Losun fjármagnshafta er veigamesti þátturinn í efnahagsáætlun stjórnvalda.


Uppgjör slitabúa er stærsti einstaki þátturinn við losun hafta

- Slitabú fallinna innlásstofnana eru stærsta einstaka hindrunin við losun fjármagnshafta.
- Slitabúin þrjú hafa fallist á stöðugleikaskilyrði stjórnvalda og undirbúið ráðstafanir þar að lútandi sem tryggja stöðugleika í gengis- og peningamálum og fjármálalegan stöðugleika.
- Öllum krónueignum slitabúanna er ráðstafað þannig að þær hafi ekki áhrif á gjaldeyrismarkað og gengi íslensku krónunnar.



STÖÐUGLEIKASKILYRÐIN

Stöðugleikaskilyrðin leysa vandann á heildstæðan hátt og jákvæðra áhrifa
áætlunar um losun hafta er þegar tekið að gæta



Stöðugleikaskilyrðin voru kynnt 8. júní 2015: Slitabúin þurfa að uppfylla stöðugleikaskilyrðin að fullu til að komast í gegnum nauðasamninga

Stöðugleikaskilyrðin eru þrjú talsins:

01

- Stöðugleikaframlag sem hlutleysir neikvæð áhrif uppgjörs slitabúa á gengi krónunnar og gjaldeyrisforða.

02

- Slitabúin fjármagna bankakerfið með langtímafjárfestingum.

03

- Stjórnvöld fá greidda til baka lánaþyringreiðslu við bankakerfið í erlendri mynt sem var veitt við stofnun bankanna 2009.

Uppgjör slitabúa mun fara fram án neikvæðra áhrifa á gengi íslensku krónunnar.



Lausn stjórnvalda: Jákvæðra áhrifa er þegar farið að gæta

Áætlun stjórnvalda um losun fjármagnshafta hefur verið vel tekið af markaðsaðilum og stuðlað að aukinni erlendri fjárfestingu á Íslandi.

01

- Lánshæfismat íslenska ríkisins hefur hækkað
-

02

- Ný erlend fjárfesting hefur aukist og ávöxtunarkrafa skuldabréfa lækkað
-

03

- Gjaldeyrisforði Seðlabanka Íslands hefur styrkst
-

04


- Ágreiningsmálum Bretta og Hollendinga gagnvart TIF lokið

Áætlun stjórnvalda er trúverðug – orð og efndir fara saman.



Lánshæfismat ríkisins hækkaði í kjölfar kynningar áætlunar um losun hafta

Mynd: Lánshæfismat ríkissjóðs Íslands í erlendri mynt, metið af S&P



**STANDARD
&POOR'S**

Standard & Poor's, Research Update, July 17, 2015
The upgrade reflects what we view as credible government proposals that enable the eventual lifting of capital controls, which have been in place since the 2008 banking crisis.

MOODY'S

The upgrade reflects the following key drivers:

Initiation of a careful process of capital account liberalization that is expected to reduce the country's external vulnerabilities, while protecting economic and financial stability.

Expectation of further improvement in the government's gross and net debt position over the next three to four years,

Improvements to macro-prudential and micro-prudential regulation.


Fitch Ratings

Fitch
"The main driver of Iceland's BBB+ rating is the presentation of a detailed strategy for the liberalisation of capital controls. Fitch believes that the plan is credible and will allow for the lifting of capital controls without generating undue balance of payments pressure."



Trúverðugleiki áætlunar sést á vaxtaþróun á markaði þar sem ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisskuldabréfa hefur lækkað mikið síðan 8. júní sl.

- Ávöxtunarkrafa langra óverðtryggðra ríkisskuldabréfa hefur lækkað um meira en 2 prósentustig á rúnum 4 mánuðum. Frá 8. júní hafa erlendir aðilar fjárfest fyrir tæplega 40 ma.kr í ríkisskuldabréfum og ávöxtunarkrafan hefur lækkað vegna aukinnar tiltrúar á stöðu ríkisfjármála.




- Áætlun um losun fjármagnshafta hefur því stuðlað að lægra vaxtastigi sem ætti að stuðla að lægri vöxtum fyrir heimili og fyrirtæki.




Trúverðugleiki áætlunar um losun hafta hefur verið staðfestur af gjaldeyrisinnflæði í kjölfar kynningar þann 8. júní 2015

- Gjaldeyriskaup SÍ á gjaldeyrismarkaði ársins 2015 er 12% hærri en uppsöfnuð hrein gjaldeyriskaup bankans á gjaldeyrismarkaði á fimm ára tímabili, 2010-2014

5 ár
Hrein gjaldeyriskaup



2015
Gjaldeyriskaup á markaði




Vinna við losun fjármagnshafta hefur gengið samkvæmt áætlun stjórnvalda. Málið verður nú í höndum slitabúa og íslenskra dómstóla

Með svarbréfum frá Seðlabanka Íslands er málið nú í höndum kröfuhafa annars vega og dómstóla hins vega.

8. júní 2015

Afnámsáætlun stjórnvalda kynnt

Staðfest bréf frá kröfuhöfum
þriggja stærstu slitabúanna
höfðu borist



10. júlí
Bréf vegna fyrirhugaðrar
undanþágubeiðni
berst frá Kaupþingi

16. júlí
Undanþágubeiðni berst
frá Glitni



3. júlí

Stöðugleikaskattur lögfestur
á Alþingi



4. september
Undanþágubeiðni berst
frá Kaupþingi

24. ágúst
Undanþágubeiðni
berst frá LBI



8. september
Opinn kröfuhafafundur
Glitnis

30. september

Opinn kröfuhafafundur
Kaupþings

2. október
Opinn kröfuhafafundur
LBI

28. október 2015



Samráð SÍ við fjármála- og efnahagsráðherra um
veitingu undanþágu

Kynning fyrir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.
SÍ sendir í framhaldi út svarbréf sem háð er
fyrirvara um staðfestingu nauðasamnings.



Framvindan verður í höndum kröfuhafa og dómstóla

- Með svarbréfi frá Seðlabanka Íslands, að höfðu samráði við fjármála- og efnahagsráðherra, er málið í höndum kröfuhafa. Þegar kröfuhafar hafa samþykkt nauðasamningsfrumvarp er málið á forræði dómstóla.

Losun fjármagnshafta – Næstu skref varðandi slitabú

Kröfuhafar

- Boðun kröfuhafafundar um kosningu um nauðasamningsfrumvarp
október/nóvember
- Kröfuhafafundur til að kjósa um nauðasamningsfrumvarp
nóvember


Íslenskir dómstólar (frá nóv.)

- Krafa til héraðsdóms um staðfestingu nauðasamningsfrumvarps.
- Tilkynning um þinghald til staðfestingar á nauðasamningi
- Staðfestingarþinghald hjá héraðsdómi
- Ákvörðun héraðsdóms
- Kærufrestur til Hæstaréttar
- Greinargerðarfrestur til Hæstaréttar
- Dómur Hæstaréttar
- Endanleg staðfesting nauðasamnings
- Nauðasamningsferli lokið



GREINING Á LAUSN PRÍÞÆTTS VANDA

Greining á stöðu slitabúa og nánari lýsing á túlkun stöðugleikaskilyrða



Innlendar eignir slitabúa fela í sér greiðslujafnaðaráhættu

Samsetning eignanna fæli í sér greiðslujafnaðaráhættu ef þær gætu flætt óhindrað úr landi við losun hafta. Vandinn er þess vegna þrískiptur.



**Innlendar
krónueignir
(ISK)**

Greiðslujafnaðarvandi



**Innlendar
gjaldeyriseignir
(ISK/FX)**

Greiðslujafnaðaráhætta



**Erlendar
eignir
(FX)**

Engin greiðslujafnaðaráhætta

Stöðugleikaframlag
og aðrar ráðstafanir

Langtímafjárfesting
og aðrar ráðstafanir

Endurfjármögnun
og útgreiðslur til kröfuhafa



Innlendar eignir slitabúa fela í sér greiðslujafnaðaráhættu

Samsetning eignanna fæli í sér greiðslujafnaðaráhættu ef þær gætu flætt óhindrað úr landi við losun hafta. Vandinn er þess vegna þrískiptur.



**Innlendar
krónueignir
(ISK)**

Greiðslujafnaðarvandi



**Innlendar
gjaldeyriseignir
(ISK/FX)**

Greiðslujafnaðaráhætta



**Erlendar
eignir
(FX)**

Engin greiðslujafnaðaráhætta

Stöðugleikaframlag
og aðrar ráðstafanir

Langtímafjárfesting
og aðrar ráðstafanir

Endurfjármögnun
og útgreiðslur til kröfuhafa



ISK: Með stöðugleikaframlagi verður dregið nægjanlega úr hreinu útflæði vegna krónueigna slitabúanna



Innlendar krónueignir (ISK)

Lausn: Stöðugleikaframlag og aðrar ráðstafanir


- Framsal eigna
- Fjársópsákvæði
- Útgáfa skuldabréfs á móti hlutafé í banka
- Afkomuskiptasamningur vegna eignarhalds banka
- Endurheimtur ESÍ
- Innlendur rekstrarkostnaður
- Opinber gjöld og skattar, sér í lagi bankaskattur
- Fjárhæðin 576 ma. kr. eru endurheimtur úr slitabúum Glitnis, LBI og Kaupþings.



Innlendar krónueignir: Heildarvandinn er 576 milljarðar króna og hann er leystur með ráðstöfunum á neðangreindan máta

Mynd: Heildstæðar aðgerðir stjórnavalda taka á öllum liðum vandans sem felast í innlendum krónueignum slitabúanna

Í MILLJÓRÐUM KRÓNA



Niðurstaða: Greiðslujafnaðarvandinn er leystur

Með ráðstöfunum upp á 548 milljarða króna er greiðslujafnaðarhrifum af skuldaskilum slitabúanna nánast að fullu eytt.

Mismunurinn er jafn gjaldeyriskaupum Seðlabanka Íslands í september.

ESÍ var stofnað til að vinna úr eignum vegna falls bankakerfisins árið 2008. Endurheimtur ESÍ renna að lokum til ríkissjóðs í samræmi við reglur um fjárhagsleg samskipti Seðlabanka Íslands og ríkisins



Innlendar eignir slitabúa fela í sér greiðslujafnaðaráhættu

Samsetning eignanna fæli í sér greiðslujafnaðaráhættu ef þær gætu flætt óhindrað úr landi við losun hafta. Vandinn er þess vegna þrískiptur.



**Innlendar
krónueignir
(ISK)**

Greiðslujafnaðrvandi

Stöðugleikaframlag
og aðrar ráðstafanir



**Innlendar
gjaldeyriseignir
(ISK/FX)**

Greiðslujafnaðaráhætta

**Langtímafjárfesting
og aðrar ráðstafanir**



**Erlendar
eignir
(FX)**

Engin greiðslujafnaðaráhætta

Endurfjármögnun
og útgreiðslur til kröfuhafa



ISK/FX: Með fjárfestingum er fjármögnun bankakerfisins tryggð, greitt fyrir aðgengi að markaðsfjármögnun og viðnámsþróttur treystur til langs tíma



**Innlendar
gjaldeyriseignir
(ISK/FX)**

Greiðslujafnaðarhætta

239
milljarðar króna

Innlendar gjaldeyriseignir (ISK/FX)

Lausn: Fjármögnun bankakerfisins og aðrar ráðstafanir


- Innstæðum hjá innlendum fjármálfyrirtækjum fjárfest í stöðluðum alþjóðlegum skuldabréfaútgáfum til lengri tíma.
- Landsbankinn er nú þegar fjármagnaður af LBI. Sú fjármögnun er ekki stöðluð og veðtryggð. Með breytirétti gefst Landsbankanum kostur á að umbreyta skuldabréfinu í staðlaða alþjóðlega fjármögnun, án veðtryggingar.
- Einstaka eignir fara undir fjársópsákvæði (óvarðar endurheimtur frá innlendum aðilum sópast).



Innlendar gjaldeyriseignir: Heildarvandinn er 239 milljarðar króna og hann er leythur með lengingum lána og öðrum ráðstöfunum á neðangreindan máta

Mynd: Heildstæðar aðgerðir stjórnvalda taka á öllum liðum vandans sem felast í innlendum gjaldeyriseignum slitabúanna

Í MILLJÖRDUM KRÓNA



Innlendar eignir slitabúa fela í sér greiðslujafnaðaráhættu

Samsetning eignanna fæli í sér greiðslujafnaðaráhættu ef þær gætu flætt óhindrað úr landi við losun hafta. Vandinn er þess vegna þrískiptur.



**Innlendar
krónueignir
(ISK)**

Greiðslujafnaðrvandi

Stöðugleikaframlag
og aðrar ráðstafanir



**Innlendar
gjaldeyriseignir
(ISK/FX)**

Greiðslujafnaðaráhætta

Langtímafjárfesting
og aðrar ráðstafanir




**Erlendar
eignir
(FX)**

Engin greiðslujafnaðaráhætta

**Endurfjármögnun
og útgreiðslur til kröfuhafa**



FX: Slitabú greiða fyrir og eignast fyrirgreiðslu stjórnvalda og nota til þess erlendan gjaldeyri



Innlendar gjaldeyriseignir (FX)

Lausn: Endurfjármögnun og útgreiðslur til kröfuhafa


- Við endurskipulagningu bankakerfisins árið 2009 lögðu stjórnvöld nýju bönkunum til fjármuni sem voru inntir af hendi í krónum. Skuldbindingin var í gjaldeyri.
- Slitabú munu greiða fyrir og eignast ofangreinda fyrirgreiðslu stjórnvalda og nota til þess erlendan gjaldeyri. Samtals fjárfestingar fyrir 74 ma.kr
- Að öðru leyti verður gjaldeyrir slitabúanna greiddur út til allra kröfuhafa, innlendra og erlendra.
- Innlán að fjárhæð 5 milljarðar króna eru tekin út úr SÍ og er varið til langtímafjármögnunar viðskiptabanka.
- Þessir 69 milljarðar króna eru til ráðstöfunar vegna innlendra gjaldeyriseigna slitabúanna.



FX: Með fjárfestingum er fjármögnun bankakerfisins tryggð, greitt fyrir alþjóðlegri markaðsfjármögnun og viðnámsþróttur treystur til langs tíma

Mynd: Heildstæðar aðgerðir stjórnvalda taka á öllum liðum vandans sem felast í innlendum gjaldeyriseignum slitabúanna

Í MILLJÓÐUM KRÖNA



Samandregið: 856 milljarða króna heildarráðstafanir gagnvart slitabúum tryggja á heildstæðan máta að engin áhrif eru á greiðslujöfnuð þjóðarbúsins




= 856

milljarðar króna í heildarráðstafanir



ÚTFÆRSLA STÖÐUGLEIKASKILYRÐA

Stöðugleikaskilyrðin leysa vandann á heildstæðan hátt



Stöðugleikaskilyrðin leysa vandann á heildstæðan hátt

Stöðugleikaskilyrðin leysa greiðslujafnaðarvandann, opna á aðgang að langtímaþármögnun í gjaldeyri og stjórnvöld fá fyrirgreiðslu endurgreidda.

01

Krónueignir

Stöðugleikaframlag

02

Innlendar gjaldeyriseignir

Langtímaþármögnun fjármálakerfisins

03

Erlendar eignir

Endurgreiðslur og útgreiðslur



01

Stöðugleikaskilyrðin eru þrjú sem slitabúum ber að uppfylla að öllu leyti. Stöðugleikaframlag er samsett úr fjórum liðum.

Stöðugleikaskilyrði



01

Stöðugleikaframlag

02

Lengingar

03

Endurfjármögnun

Framsal eigna

Fjársópsákvæði

Skuldabréf vegna banka

Afkomuskiptasamningur

Innlán í skuldbréf

Endurfjármögnun lána

- Framsal reiðufjár, innlendra eigna og krafna til ríkisins á kröfum þar sem nafnverð er umtalsvert hærra en bókfært virði.

- Með fjársópsákvæði sem þekur kröfur og önnur réttindi sem ekki er hægt að framselja beint til ríkisins.

- Kaupping gefur út skuldabréf til ríkisins vegna sölu á hlut sínum í Arion banka.

- Skiptasamningur vegna heildarafkomu Arion banka og afrakstur samninga rennur til ríkisins.

- Gjaldeyrisinnlánum er varið til fjárfestinga í staðlaðri skuldabréfafjármögnun til langa tíma.

- Endurgreiðsla á gjaldeyrislánum ríkissjóðs og SÍ sem veitt voru nýju bönkunum, en upphafleg fyrirgreiðsla var í krónum.



Stöðugleikaframlag vegna krónueigna er fjórþætt

01

Krónueignir

Stöðugleikaframlag

01

- Slitabú framselja eignir sbr. reiðufé, kröfur á innlenda aðila, eignarhluti í innlendum félögum, m.a. eignarhlut í Íslandsbanka.

02

- Fjársópsákvæði sem tryggir stjórnvöldum alla afkomu af eignum sem ekki er unnt að framselja.

03

- Með útgáfu skuldabréfs og afkomuskiptasamninga á eignarhlut í Arion banka fær ríkið meginþorra söluandvirðis bankans.

04

- Endurheimtur ESÍ af slitabúunum þremur rennur á endanum til ríkissjóðs.

02

Innlendar gjaldeyriseignir

Langtímafjármögnun fjármálakerfisins

03

Erlendar eignir

Endurgreiðslur til stjórnvalda og útgreiðslur



Yfirlit: Stöðugleikaskilyrðin leysa vandann á heildstæðan hátt (1/3)

Stöðugleikaskilyrðin leysa greiðslujafnaðarvandann, opna á aðgang að langtímafjármögnun í gjaldeyri og stjórnvöld fá fyrirgreiðslu endurgreidda.

01

Krónueignir

Stöðugleikaframlag

02

Innlendar gjaldeyriseignir

Langtímafjármögnun fjármálakerfisins

03

Erlendar eignir

Endurgreiðslur og útgreiðslur



01

Stöðugleikaframlag: Framsal eigna

- Eignir slitabúanna í krónum eru vandamál með tilliti til greiðslujafnaðar.
- Slitabúin eiga kröfur á innlenda aðila sem hafa hátt nafnverð að fjárhæð 292 milljarðar króna en bókfært virði að fjárhæð 68 ma. kr. Slíkar kröfur geta hækkað talsvert í virði og þar með aukið útflæði fjármagns yrði ekkert að gert. Slíkar kröfur eru framseldar til stjórnvalda til að lágmarka greiðslujafnaðaráhættu þegar fram líða stundir.
- Með framsali eigna er framtíðaráhætta vegna greiðslujafnaðar lágmörkuð. Vandamálið og lausnin haldast þannig í hendur.

- Reynist virði eigna meira en talið var þá er stöðugleikaframlagið hærra en vandinn að sama skapi meiri en talið var.
 - Reynist virði eigna minna en talið var þá er stöðugleikaframlagið lægra en vandinn að sama skapi minni en talið var.
-
- Innlán, ríkisskuldabréf, útlán og aðrar kröfur, hlutafé í innlendum fyrirtækjum eru dæmi um eignir sem verða framseldar.



01

Stöðugleikaframlag: Fjársópsákvæði

- Ekki er hægt eða æskilegt að framselja allar eignir.
- **Slitabúin undirgangast fjársópsskilyrði.** Á bak við það eru eignir sem ekki er hægt að framselja, að bókfærðu virði 15 ma.kr en að nafnvirði 513 ma.kr. Þegar virði þeirra raungerist og slitabúið fær í hendur reiðufé rennur það til stjórnvalda á grundvelli fjársópsákvæðisins.
- Dæmi um þessar eignir eru ýmis réttindi, varasjóðir vegna ágreiningskrafna, eignir sem eru að hluta til innlendar og hluta til erlendar auk innlends rekstrarkostnaðar.
 - Ef varasjóðir vegna ágreiningsmála eða kostnaðar tæmast ekki munu eftirstöðvar sjóðanna renna til stjórnvalda sem hluti af stöðugleikaframlagi.



01

Stöðugleikaframlag: Með fjársópsákvæði er tryggt er að ágreiningur um skattamál feli ekki í sér frekara útflæði fjármagns sem annars gæti numið rúmlega 60 ma.kr.

- Aðeins tvær mögulegar sviðsmyndir og hvorug felur í sér greiðslujafnaðaráhættu

A

- **Fyrri sviðsmynd:** Íslenska ríkið vinnur dóms- og ágreiningsmál.
 - Niðurstaða: Skatttekjur og aðrar tekjur renna í ríkissjóð



B

- **Seinni sviðsmynd:** Íslenska ríkið tapar dóms- og ágreiningsmálum.
 - Niðurstaða: Fjársópsákvæði tekur ávinning skattaðila til baka



- Dómsmál og ágreiningsmál vegna skattgreiðslna slitabúanna á síðustu árum falla undir fjársópsákvæðið sem tryggir að niðurstaða þeirra gildir einu gagnvart greiðslujafnaðaráhættu.
- Óvissu er þar með eytt.
- **Fjársópsákvæði tryggir endanleika vegna ágreinings um skattamál.**



01

Stöðugleikaframlag: Sérstakt fjársópsákvæði í tengslum við innlendar eignir sem hafa að hluta eða öllu leyti endurheimtur í erlendum gjaldeyrí

- Slíkar eignir eru ekki framseldar en falla undir fjársópsákvæði

A

- Erlendur gjaldeyrir: Endurheimtur vegna undirliggjandi sölu á erlendri eign.
 - Niðurstaða: Heimild til að ráðstafa til greiðslu til kröfuhafa.



B

- Erlendur gjaldeyrir: Vegna greiðslna sem stafa af tekjum skuldara í erlendum gjaldeyrí.
 - Niðurstaða: Fjármunum skal breytt í langtímafjármögnum.



C

- Innlendur gjaldeyrir: Endurheimtur vegna greiðslna eða sölu eignar í krónum.
 - Niðurstaða: Fjársópsákvæði tryggir framsal endurheimta til ríkisins.



- Með því að setja innlendar eignir sem hafa erlendar endurheimtur undir skilyrt fjársópsákvæði er tryggt að endurheimtur sem ekki berast með sölu á undirliggjandi erlendri eign hafi ekki áhrif á gjaldeyrismarkaðinn. Tryggir endanleika.



01

Stöðugleikaframlag: Glitnir framselur hlut sinn í Íslandsbanka

Íslandsbanki verður að fullu í eigu stjórnvalda með framsali Gltnis á eignarhlut sínum í bankanum

- Íslandsbanki hefur hagnast um 136 milljarða frá 2009.
- Arðgreiðslur síðustu þriggja ára nema samtals 16 milljörðum króna. Óvissa um áhrif vaxtar bankans og um arðgreiðslustefnu á greiðslujöfnuð er eytt með framsali Íslandsbanka til ríkisins.
- Í framhaldinu munu stjórnvöld móta sér stefnu sem eigandi bankans. Ákveði stjórnvöld að selja bankann verður það gert í faglegu og gagnsæju ferli þar sem allir sitja við sama borð.
- Möguleiki á sérstakri arðgreiðslu til stjórnvalda á uppsöfnuðum hagnaði.



01

Stöðugleikaframlag: Greiðslujafnaðaráhætta vegna Arion banka er lágmörkuð með útgáfu skuldabréfs, afkomuskiptasamningi og skilyrðum

- Kaupþing ber ábyrgð á því að selja eignarhlut sinn í Arion banka og hefur til þess takmarkaðan tíma eða þrjú ár.
- Kaupþing gefur út skuldabréf til stjórnvalda. Skuldabréfið er tryggt með veðum í eignum Kaupþings og ber 5,5% vexti. Þegar eignarhlutur í Arion banka verður soldur skal greiða inn á höfuðstól skuldabréfsins með söluandvirði bankans.
- Enginn veit hvað framtíðin ber í skauti sér. Nýju bankarnir hafa vaxið gríðarlega frá stofnun. Þess vegna er virði bankanna ekki föst tala. Sú áhætta er lágmörkuð með afkomuskiptasamningi sem tekur tillit til söluandvirðis Arion banka og fer stighækkandi með hærra söluverði bankans.
- Frekari skilmálar verða einnig settir og þannig fá stjórnvöld eftirlitsmann inn í Kaupþing sem fylgist með söluferlinu.



Yfirlit: Stöðugleikaskilyrðin leysa vandann á heildstæðan hátt (2/3)

Stöðugleikaskilyrðin leysa greiðslujafnaðarvandann, opna á aðgang að langtímafjármögnun í erlendri mynt og stjórnvöld fá fyrirgreiðslu endurgreidda.

01

Krónueignir

Stöðugleikaframlag

02

Innlendar gjaldeyriseignir

Langtímafjármögnun fjármálakerfisins

03

Erlendar eignir

Endurgreiðslur og útgreiðslur



02

Langtímafjárfestingar: Opnar á aðgang banka og stærri fyrirtækja að erlendum mörkuðum

- Aðgangur banka og stærri fyrirtækja að alþjóðlegum fjármálamörkuðum er eitt skilyrða þess að hægt sé að losa höft. Þetta hefur m.a. komið fram í fyrri áætlunum um losun hafta.
- Á grundvelli lausafjárreglna SÍ eru innstæður slitabúa í gjaldeyri hjá innlendum bönkum að fullu leyti varðar þannig að útflæði þeirra veldur ekki áhrifum á gengi krónu.
- Í stað þess að hleypa þessum gjaldeyri út strax er hann bundinn til langtíma, að því marki sem þörf krefur. Með því að fjármagna bankakerfið í gjaldeyri til langtíma fara hagsmunir kröfuhafa saman við hagsmuni þjóðarbúsins um heilbrigðan rekstur bankanna.



Langtímafjárfestingar: Varðar eignir

Á grundvelli lausafjárreglna SÍ eru innlán slitabúa í erlendri mynt hjá innlendum bönkum að fullu leyti varin með erlendum ríkisskuldabréfum. Þar með hafa þau ekki áhrif á gengi krónunnar.



02

Langtímafjárfestingar: Með breytirétti og endurskipulagningu 2014 er Landsbankanum tryggður möguleiki á eðlilegri fjármögnun til langstíma

- Sem hluti af stöðugleikaskilyrðum stjórnvalda á Landsbankinn nú rétt á því að breyta núverandi fjármögnun í staðlaða alþjóðlega skuldabréfaútgáfu (EMTN) sem greiðir fyrir aðgangi bankans að alþjóðlegum fjármálamörkuðum.
- Frá stofnun nýja Landsbankans hefur hann verið fjármagnaður í erlendri mynt af LBI hf. (gamlra Landsbankanum). Árið 2014 var skuldabréfið endurskipulagt til að draga úr greiðslujafnaðaráhættu þjóðarbúsins.
 - Skuldabréfið er tryggt með veði í eignum bankans og er háð margvíslegum skilmálum og kvöðum
- Þetta er mikilvægur liður í endurreisin fjármálakerfisins. Bankar hafa aðgang að lánsfé til langstíma í erlendri mynt.
- Með þessari aðgerð eru hjálpardekkin tekin af fjármálakerfinu.



Yfirlit: Stöðugleikaskilyrðin leysa vandann á heildstæðan hátt (3/3)

Stöðugleikaskilyrðin leysa greiðslujafnaðarvandann, opna á aðgang að langtímaþármögnun í erlendri mynt og stjórnvöld fá fyrirgreiðslu endurgreidda.

01

Krónueignir

Stöðugleikaframlag

02

Innlendar gjaldeyriseignir

Langtímaþármögnun fjármálakerfisins

03

Erlendar eignir

Endurgreiðslur og útgreiðslur



03

Endurgreiðslur: Ríkissjóður og Seðlabanki Íslands fá til baka það sem þeir lögðu til nýju bankanna í erlendri mynt við stofnun þeirra 2009

- Við stofnun nýju bankanna lögðu stjórnvöld nýju bönkunum til umtalsvert fé í krónum en skuldbindingin um endurgreiðslu var gerð í gjaldeyri til að lagfæra gjaldeyrisskekkju á milli eigna- og skuldahliðar bankanna.
- Nú standa eftir samtals 74 ma.kr. sem verða endurgreiddir í erlendum gjaldeyri.
- Ríkissjóður á víkjandi skuldabréf í erlendri mynt útgefið af Íslandsbanka að fjárhæð 20 ma.kr. sem Glitnir mun endurfjármagna.
- Seðlabanki Íslands á skuldabréf (senior unsecured) í erlendri mynt útgefið af Arion banka að fjárhæð 54 ma.kr. sem Kaupþing mun endurfjármagna.
- Innlán að fjárhæð 5 ma. kr. er tekið út úr SÍ og umbreytt í langtímafjármögnun gagnvart viðskiptabanka. Gjaldeyrisforðinn minnkar sem því nemur.
- Með þessum ráðstöfunum styrkist gjaldeyrisforðinn um 69 ma.kr.




- 01
- 02
- 03

Niðurstaðan: Heildarráðstafanir vegna stöðugleikaskilyrða nema 856 milljörðum króna sem leysa vandann að fullu

Mynd: Heildstæðar aðgerðir stjórnvalda taka á öllum liðum vandans sem felast í innlendum eignum slitabúanna

Í MILLJÖRDUM KRÓNA




Stöðugleikaskilyrðin: Lagaleg áhætta ríkissjóðs lágmörkuð þar sem fjármálfyrirtæki í slitameðferð leysa stjórnvöld með óafturkræfum hætti undan lögsóknum og málafelrum

- Slitabúin og kröfuhafar afsala sér og falla frá öllum kröfum, þ.m.t. mögulegum fjárkröfum, gagnvart íslenskum stjórnvöldum vegna atvika sem gerðust fyrir staðfestingu nauðasamnings.
- Slitastjórnir, fyrir hönd fjármálfyrirtækja í slitameðferð, og kröfuhafar afhenda yfirlýsingar þar sem umrædd félög og bú þeirra, sem og kröfuhafar þeirra, leysa með óafturkræfum hætti íslensk stjórnvöld undan hvers kyns ábyrgð eða hvers kyns kröfum, að ýtrasta marki sem lög leyfa.
- Framangreindar yfirlýsingar snerta allt sem varðar slitaferlið, tilvist fjármagnshafta, stöðugleikaskilyrðin, undanþáguveitingar og fyrirhugaða nauðasamninga.



HEILDARÁHRIF STÖÐUGLEIKASKILYRÐA

Áhrif stöðugleikaskilyrða og sundurliðun gagnvart hverju slitabúi



Heildarráðstafanir gagnvart slitabúum nema 856 en hækka ef virði framseldra eigna hækkar þegar fram í sækir

01

- Stöðugleikaframlag* 491 til 599** milljarðar króna

- Aðrar ráðstafanir 57 milljarðar króna

02

- Langtímafjárfestingar 239 milljarðar króna

03

- Endurgreiðslur 69 milljarðar króna

Samtals ráðstafanir


856 til 964 milljarðar króna

* Skattar fyrir árið 2015, beint framlag til ríkis og í gegnum ESI

** Sömu forsendur og í greinargerð SÍ




Heildaráhrif: Greiðslujafnaðaráhrif vegna uppgjörs slitabúanna eru neikvæð um 28 milljarða króna



Heildaráhrif:

Gjaldeyrisforðinn styrkist um 41 milljarð króna vegna uppgjörs slitabúanna




- Gjaldeyrisendurgreiðslur frá slitabúunum tryggja að við ráðstöfun gagnvart slitabúum vegna stöðugleikaskilyrða styrkist gjaldeyrisforði SÍ um 41 milljarð króna.



Ráðstafanir vegna Kaupbings




Heildaráhrif vegna Kaupþings: 246 ma. kr. ráðstöfun hefur engin áhrif á greiðslujöfnuð og styrkir gjaldeyrisforða SÍ um 5 milljarða króna (1/3)



- Heildarráðstafanir gagnvart Kaupþingi eru 5 milljörðum króna hærri en innlendar eignir Kaupþings sem ógna greiðslujöfnuði. Mismunurinn fer í aukningu gjaldeyrisforða SÍ.



Heildaráhrif vegna Kaupþings: Gjaldeyrisforði styrkist um 55 milljarða króna (2/3)



- Kaupþing greiðir fyrir og eignast lánafyrirgreiðslu SÍ til Arion banka í erlendri mynt að fjárhæð 54 milljarðar króna, 5 milljarða innstæða Kaupþings hjá SÍ færst til Arion banka og er breytt í langtímafjárfestingu. Gjaldeyrisforði SÍ styrkist um 55 milljarða króna vegna ráðstafana Kaupþings og þessara aðgerða.



Heildaráhrif vegna Kaupþings: Nánari útlistun einstakra ráðstafana gagnvart slitabúinu (3/3)



• Ráðstafanir Kaupþings hf. samkvæmt stöðugleikaskilyrðum:

- 01** Framsal lausafjár og eigna nemur 4 ma.kr. að bókfærðu virði, nafnverðsfjárhæð framseldra krafna nemur 75 ma.kr. Þá framselur Kaupþing eign í erlendum gjaldeyri að bókfærðri fjárhæð 14 ma.kr. sem er að nafnvirði 42 ma.kr. Skilyrtar fjársópseignir, svo sem vegna ágreiningsmála og annarra óframseljanlegra eigna nema 6 ma.kr. að bókfærðu virði en 295 ma. kr. að nafnverði. Rekstrarkostnaður og varasjóðir nema í íslenskum krónum 7 ma.kr og verða hluti af stöðugleikaframlagi ef ofáætlaðir.
- 02** Kaupþing gefur út veðskuldabréf að fjárhæð 84 ma.kr. til stjórnavöldum hagnaðarhlutdeild vegna rekstrar og hvers konar sölu Arion banka hf. Miðað við að bankinn verði seldur á áætluðu bókfærðu virði í árslok 2015 er hlutdeild ríkisins vegna Arion banka hf. 20 ma.kr. auk hlutdeilda í framtíðararðgreiðslum fram að sölu (getur hækkað/lækkað).
- 03** Kaupþing tryggir Arion banka hf. langtímafjármögnun í erlendum gjaldeyri samkvæmt alþjóðlega viðurkenndri skuldabréfaútgáfu að jafnvirði 42 milljarða króna.
- 04** Kaupþing greiðir stjórnavöldum jafnvirði 54 milljarða kr. í erlendum gjaldeyri vegna endurgreiðslu fyrirgreiðslu stjórnavalda við Arion banka hf. Fjármögnun umbreytt í alþjóðlega viðurkennda skuldabréfaútgáfu.


Kaupþing greiðir tæplega 12 ma.kr í skatta. Greiðslujafnaðaráhættu vegna lagalegs ágreinings um skattamál er eytt með fjársópsákvæði.



Ráðstafanir vegna Glitnis



Heildaráhrif vegna Glitnis : 336 milljarða króna heildarráðstöfun leiðir til 48 milljarða króna neikvæðra greiðslujafnaðaráhrifa (1/3)




- Hafa ber í huga að íslenska ríkið mun til viðbótar eignast Íslandsbanka. Íslandsbanki er með 22 ma.kr. jákvæðan gjaldeyrisjöfnuð skv. hálfssársuppgjöri 2015.



Heildaráhrif vegna Glitnis: Áhrif á gjaldeyrisforða SÍ eru neikvæð um 28 milljarða króna vegna Glitnis (2/3)

GLITNIR



- Hafa ber í huga að íslenska ríkið mun til viðbótar eignast Íslandsbanka. Íslandsbanki er með 20 ma.kr. jákvæðan gjaldeyrisjöfnuð skv. hálfssársuppgjöri 2015.



Heildaráhrif vegna Glitnis: Nánari útlistun ráðstafana gagnvart slitabúinu (3/3)



• Ráðstafanir Glitnis hf. samkvæmt stöðugleikaskilyrðum:

- 01** Framsal lausafjár og eigna nemur 37 ma.kr. að bókfærðu virði, nafnverðsfjárhæð framseldra krafna nemur 85 ma. kr. Þá framselur Glitnir allt hlutafé ISB Holding ehf., sem er eigandi 95% hlutafjár Íslandsbanka hf. sem er eign að bókfærðri fjárhæð 185 ma.kr í árslok 2015.
- 02** Skilyrtar fjársópseignir, svo sem vegna ágreiningsmála og annarra óframsetjanlegra eigna nema 7 ma.kr. að bókfærðu virði en 46 ma. kr. að nafnverði. Rekstrarkostnaður og varasjóðir nema í íslenskum krónum 8 ma. og verða hluti af stöðugleikaframlagi ef ofáætlaðir.
- 03** Glitnir tryggir Íslandsbanka hf. langtímafjármögnun í erlendum gjaldeyri samkvæmt alþjóðlega viðurkenndri skuldabréfaútgáfu að jafnvirði 35 milljarða króna.
- 04** Glitnir greiðir stjórnvöldum jafnvirði 20 milljarða kr. í erlendum gjaldeyri vegna endurgreiðslu fyrirgreiðslu stjórnvalda til Íslandsbanka hf.

Glitnir greiðir 11 ma.kr í skatta. Greiðslujafnaðarhættu vegna lagalegs ágreinings um skattamál er eytt með fjársópsákvæði.



Ráðstafanir vegna LBI




LBI hf.



Heildaráhrif vegna LBI: 200 ma. kr. heildarráðstöfun leiðir til 15 ma.kr. jákvæðra áhrifa á greiðslujöfnuð ^(1/3)

LBI hf.





- Heildarráðstafanir gagnvart LBI eru **15 milljörðum króna hærri** en innlendar eignir LBI sem ógna greiðslujöfnuði. Mismunurinn fer í aukningu gjaldeyrisforða SÍ.



Heildaráhrif vegna LBI: 200 ma. kr. heildarráðstöfun hefur styrkir gjaldeyrisforða SÍ um 15 milljarða króna ^(2/3)

LBI hf.



- Heildarráðstafanir gagnvart LBI eru **15 milljörðum króna hærri** en innlendar eignir LBI sem ógna greiðslujöfnuði. Mismunurinn fer í aukningu gjaldeyrisforða SÍ eftir því sem greiðslur berast af skuldabréfi Landsbankans.



Heildaráhrif vegna LBI: Nánari útlistun ráðstafana gagnvart slitabúinu (3/3)

LBI hf.

- Ráðstafanir LBI hf. samkvæmt stöðugleikaskilyrðum:

- 01 Framsal lausafjár og eigna nemur 20 ma.kr. að bókfærðu virði, nafnverðsfjárhæð framseldra krafna nemur 90 ma.kr. Skilyrtar fjársópseignir, svo sem vegna ágreiningsmála og annarra óframseljanlegra eigna nema 3 ma.kr. að bókfærðu virði en 172 ma.kr. að nafnverði. Rekstrarkostnaður og varasjóðir nema 6 ma.kr og verða hluti af stöðugleikaframlagi ef ofáætlaðir.
- 02 LBI tryggir Landsbanka Íslands hf. langtímafjármögnun í erlendum gjaldeyri og gefur út breytirétt til Landsbanka Íslands sem veitir bankanum einhliða rétt til að breyta útistandandi veðskuldabréfi í staðlaða alþjóðlega skuldabréfafjármögnun.

LBI greiðir 8 ma.kr í skatta. Greiðslujafnaðaráhættu vegna lagalegs ágreinings um skattamál er eytt með fjársópsákvæði.



Heildarráðstafanir vegna slitabúa




01 02 03

Niðurstaðan: Heildarráðstafanir vegna stöðugleikaskilyrða nema 856 milljörðum króna sem leysa vandann að fullu

Mynd: Heildstæðar aðgerðir stjórnvalda taka á öllum liðum vandans sem felast í innlendum eignum slitabúanna

Í MILLJÖRÐUM KRÓNA




01 02 03

Niðurstaðan: Heildarráðstafanir vegna stöðugleikaskilyrða nema 856 milljörðum króna sem leysa vandann að fullu

Mynd: Heildstæðar aðgerðir stjórnvalda taka á öllum liðum vandans sem felast í innlendum eignum slitabúa föllnu fjármálastofnananna

Í MILLJÖRÐUM KRÓNA



Við losun hafta nást fjórþætt markmið um hlutleysi gagnvart gengi krónu, langtímafjármögnun bankakerfisins, styrkingu gjaldeyrisforða og greiðslujafnaðaráhættu eytt vegna lagalegs ágreinings

01

- Skuldaskil slitabúanna munu ekki hafa neikvæð áhrif á gengi íslensku krónunnar

02

- Lengist í erlendri fjármögnun bankakerfisins og greitt fyrir aðgengi þess að alþjóðlegum mörkuðum sem dregur úr endurfjármögnunaráhættu og eykur stöðugleika í gengismálum

03

- Óskuldsettur gjaldeyrisforði Seðlabankans eykst um 41 milljarð króna

04

- Tryggt er að ágreiningur um skattamál feli ekki í sér frekara útflæði fjármagns sem annars gæti numið rúmlega 60 ma.kr.
- Stöðugleikaskilyrði og aðrar ráðstafanir vegna losunar fjármagnshafta nema samtals 856 milljörðum króna sem leysir vandann.



Stöðugleikaskilyrðin leysa vandann á heildstæðan hátt: Þau taka á skilmerkilegan máta á greiðslujafnaðaráhrifum af uppgjöri slitabúanna – heildarumfang þeirra er 856 milljarðar króna

Heildarumfang aðgerðanna

856

milljarðar króna

Greiðslur til stjórnvalda

491

milljarðar króna

Endurgreiðslur á lánavyrirgreiðslum

74

milljarðar króna

Langtímafjármögnun bankakerfisins

226

milljarðar króna

Jákvæð áhrif á gjaldeyrisforða

41


milljarðar króna

Jákvæð áhrif á erlenda stöðu Íslands

360

milljarðar króna





Viðauki: Aðdragandi afáms fjármagnshafta (1/3)

- Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar dags. 22. maí 2013 segir að eitt mikilvægasta verkefni ríkisstjórnarinnar verði að vinna að losun fjármagnshafta en fjármagnshöftin bjagi eignaverð og dragi úr samkeppnishæfi þjóðarinnar.
- Þá kemur fram að greina þurfi efnahagsstöðu íslenska þjóðarbúsins og útfæra áætlun um losun hafta með hliðsjón af mikilvægi gjaldeyrисjöfnuðar fyrir land og þjóð. Sérstaklega þurfi að tryggja trausta umgjörð um gjaldeyrismarkaðinn til framtíðar og sjá til þess að skuldaskil fallinna innlásstofnana ógni ekki efnahagslegum stöðugleika. Áætlun stjórnvalda var kynnt 8. júní 2015.
- Áætlun stjórнvalda tekur mið af fyrri áætlunum dags. 5. ágúst 2011 og 25. mars 2011 sem og alþjóðlegum viðmiðum um losun fjármagnshafta útgefnum af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) sem og öðrum alþjóðlegum skuldbindingum íslenska ríkisins.



Viðauki: Markmið og árangur – samhengi (2/3)

- Markmið áætlunar stjórnvalda er skýrt. Áætlunin mælir fyrir um aðgerðir sem eru skilyrtar. Tímasetning aðgerða veltur á áhrifum aðgerða á efnahagslegan og fjármálalegan stöðugleika.
- Rökrétt samhengi er milli áætlunarinnar og þeirra hagsmuna sem henni er ætlað að vernda og ná fram. Ekki verður við það unað að þjóðin búi við óvissu um efnahagslegan stöðugleika til langframa vegna fortíðarvanda. Nauðsynlegur og ómissandi þáttur í aðgerðum ríkisvaldsins er að tryggja að gjaldeyrisjöfnuður þjóðarinnar versni ekki.
- Þannig eru hagsmunir almennings verndaðir og stöðugleiki þjóðarbúsins varðveittur.
- Af framangreindu er ljóst að áætlun um losun fjármagnshafta og aðgerðir þar að lútandi snúast í reynd um grundvallaratriði í efnahagsstefnu Íslands.



Viðauki: Um efni kynningar (3/3)

Vegna fyrirhugaðra nauðasamninga við kröfuhafa og lok slitameðferðar, hafa slitastjórnir Kaupþings hf., Glitnis hf. og LBI hf.(hér eftir slitabúin), óskað eftir undanþágu frá lögum um gjaldeyrismál frá Seðlabanka Íslands. Aðeins er unnt að veita undanþágu frá lögnum ef tryggt er að stöðugleika í gengis- og peningamálum og fjármálalegum stöðugleika verði ekki raskað. Forsenda þess að uppgjör valdi ekki óstöðugleika er að gripið verði til ráðstafana til mótvægis þeim neikvæðu áhrifum á greiðslujöfnuð sem stafa af útgreiðslum innlendra eigna til erlendra kröfuhafa. Samkvæmt lögum um gjaldeyrismál verður undanþága aðeins veitt að höfðu samráði við fjármála- og efnahagsráðherra, og að undangenginni kynningu hans á efnahagslegum áhrifum hennar fyrir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Þessi kynning á aðeins við um framangreind slitabú. Kynningin inniheldur upplýsingar um þær ráðstafanir sem slitabúin hafa kosið að grípa til í þeim tilgangi að uppfylla stöðugleikaskilyrði stjórnvalda, auk áhrifa umræddra aðgerða á greiðslujöfnuð og gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands. Stöðugleikaskilyrðin voru kynnt sem hluti af áætlun stjórnvalda um losun fjármagnshafta 8. júní 2015.





Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Október 2015

Útgefandi: Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhváli
Reykjavík
Sími: 545 9200
Netfang: postur@fjr.is
Veffang: fjr.is

© 2015 Fjármálaráðuneytið

Lagalegur fyrirvari: Í öllum tilvikum gildir texti lagafrumvarpa um áætlun um losun hafta.

Upplýsingar sem fram koma í þessari kynningu endurspeglar fyrirliggjandi vitneskju á þeim tíma sem hún var unnin. Fjármála- og efnahagsráðuneytið ábyrgist ekki áreiðanleika gagna og tekur hvorki ábyrgð á beinum né óbeinum afleiðingum byggi einstaklingar eða lögaðilar ákvarðanir á þessum upplýsingum.

Til að auðvelda framsetningu í kynningunni hafa fjárhæðir verið einfaldaðar.